

REGLUGERÐ

um bann við aðgerðum á hundum og köttum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.

1. gr.

Eftirtaldar aðgerðir á hundum og köttum sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegum tilgangi heldur til að breyta útliti þeirra eða eiginleikum eru bannaðar:

- a. Eyrnastífing hunda.
- b. Skottstýfing hunda.
- c. Brottnám raddbanda hunda og katta.
- d. Brottnám á klóm katta.
- e. Brottnám á sporum hunda.
- f. Tannúrdráttur hjá hvolpum og kettlingum.

2. gr.

Reynist nauðsynlegt að gera aðgerðir á skotti hunds, í læknisfræðilegum tilgangi, skal aðeins fjarlægja þann hluta skottsins sem nauðsynlegt er til að bati náist.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 13. laga nr. 15/1994, um dýravernd, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.